LÍFIÐ Í KRINGUM OKKUR

Snjógæsin

SNJÓGÆSIR draga nafn af því, að þær eru snjóhvítar á lit, en þó með svarta vængbrodda. Á svörtu vængbroddunum má ávallt þekkja þær frá hvítum litarafbrigðum (hvítingum, albi nos) annarra gæsa. Varpheimkynni snjógæsarinnar eru í nyrztu íshafslöndum Norður-Ameríku, allt frá Alaska til Baffinlands og norðvesturhorns Grænlands (Thule). Einnig verpa snjógæsir í norðausturhorni Síberíu.

Í NÁTTÚRUGRIPASafni Íslands er varðveitt uppsett snjógæs, sem var skotin í Grindavík í júní 1896. Raunar er þessi snjógæs nú lítið annað en fátæklegar leifar af fágætum fugli, því að örlög hennar hafa orðið með svipuðum hætti og annarra hinna eldri og viðkvæmari muna úr ríki náttúrunnar, sem íslenzkir náttúrufræðingar hafa verið að basla við að safna fyrir íslenzku þjóðina. Vegna skorts á húsnæði og fé hefir ekki verið hægt að búa um slíka gripi til frambúðar og hafa því smám saman grotnað niður og eyðilagzt. Lengi vel mun það meira að segja hafa verið þessi stöðuga og hægfara eyðilegging hinna eldri muna safnsins, sem skapaði skilyrði til þess, að yfirleitt væri hægt að veita nýjum munum viðtöku. Þetta er sorgar saga, sem ekki verður rakin nánar hér, enda verður tjón það, sem af þessu ástandi hefir hlotist, aldrei að fullu bætt.

Í SKÝRSLU Náttúrufræðifélagsins fyrir árin 1895—1896 getur Benedikt Gröndal um þessa Grindavíkursnjógæs, og segir hann, að Franz Siemsen, sýslumaður, hafi gefið safninu hana. Í fuglabók sinni getur Bjarni Sæmundsson þess, að í júní 1896 hafi verið skotnar 2 fullorðnar snjógæsir í Grindavík, en mér er ekki kunnugt um, hvaðan Bjarni hefir fengið vitneskju um það. Hann vísar um þetta aðeins til skýrslu Nátt úrufræðifélagsins 1895—1896, en þar minnist Gröndal hvergi á að gæsirnar hafi verið tvær.

Í 5. árg. Náttúrufræðingsins, 1935, bls. 61, getur Eyþór Er-



lendsson á Helgastöðum í Biskupstungum þess, að í júní 1935 hafi hann séð 2 fugla á Brúará ofan við Spóastaði, sem hann telur líklegt að hafi verið snjógæsir. Hann segir, að fuglarnir hafi verið snjóhvítir, en getur ekki um, hvort vængbroddarnir hafi verið svartir. Þetta gætu því hafa verið hvítingar annarra gæsategunda ef þetta á annað borð hafa verið gæsir.

FRAM TIL ársins 1952 var Grindavíkursnjógæsin því eina snjógæsin, sem með vissu hafði sézt hér á landi, en seint í júní það ár sáust 2 snjógæsir í Arnanesi í Kelduhverfi. Svo vildi til, að ég kom að Arnanesi skömmu eftir að gæsirnar höfðu sézt þar og rakst ég á þær á Víkingavatni í sömu sveit. Voru þetta fullorðnir fuglar og varð þeirra öðru hvoru vart í Kelduhverfi fram undir miðjan júlí. Í september þá um haustið bar það til tíðinda, að ung snjógæs náðist á Langasandi á Akranesi. Var fugl þessi skinhoraður og mjög af honum dregið, er hann fannst. Var hann því drepinn og síðan settur upp, en því miður tókst ekki að fá hann handa Náttúrugripasafningu. Í október sama ár birtust fregnir um það í blöðum, að snjógæs hefði náðst austur í Stöðvarfirði en við nánari athugun reyndist fregn þessi á misskilningi byggð. Hér var um stálpaðan álftarunga að ræða.

AF SNJÓGÆSUM fara svo ekki sögur fyrr en seint í september 1954, en þá sá ég ásamt fleirum snjógæs á flugi yfir Soginu skammt ofan við ármót þess og Hvítár. Eg var þá ásamt fleiri áhugamönnum um fuglafræði á leið austur í Þrastarskóg. Þegar við vorum staddir á veginum undir Ingólfsfjalli gall allt í einu við óp í bílnum: **snjógæs!** Við þustum út úr bílnum og blöstu þá við okkur tvær grágæsir og ein drifhvít snjógæs með kolsvarta vængbrodda. Flugu þær hægt upp með bláu Soginu og hurfu síðan austur yfir Þrastarskóg, sem skartaði í sínum fegurstu haustlitum. Síðan hafa snjógæsir ekki sézt hér á landi.

Finnur Guðmundsson.

Þáttur kirkjunnar:

Hið allra helgasta

MUSTERI Gyðinga var skipt í tvennt, hið heilaga og hið allra helgasta. Og innst í hinu allrahelgasta var geymt það, sem telja mátti grundvöll að öllu menningarlífi þessarar þróttmiklu þjóðar, lög þeirra og lífsreglur skráðar helgum rúnum á steintöflur.

Talið er að naumast sé til eða hafi nokkru sinni verið til sterkari þjóð og öflugri þjóðrækni en gyðingaþjóðin og þjóðrækni hennar.

Hún hefir staðizt alls konar áhrif alls konar þjóða og alls konar tímabila og kynslóð eftir kynslóð varðveitt tungu sína, trú og vonir. Og það er jafnvíst að þessi festa þetta ódauðlega viðnám er vegna þess, að hún átti og á sinn **helgidóm**, sitt musteri með hinu heilaga og sínu allra helgasta.

Hver þjóð, sem týnir sínum helgidómum eða lítilsvirðir þá er í miklum háska stödd menningarlega og þjóðernislega.

Hún verður eins og rekald á straumiðum tímans, og sé hún það ekki í dag, þá verður hún það á morgun. Helgidómar þjóðar eru lífakkeri hennar og fjöregg. Þetta skildu fjandmenn Gyðinga vel, og það var því nokkurs konar markmið þeirra að rífa niður helgidóminn, svo að ekki stæði þar eftir steinn yfir steini. En áður en svo gæti orðið höfðu prestarnir alltaf komið undan því allra helgasta, lögmálstöflunum , sáttmálsörkinni, því sem tengdi einstaklinga þjóðarinnar saman í heild og jafnframt þjóðarheildina við Guð.

ÍSLENDINGAR eru lítil þjóð og hafa að ýmsu leyti svip aða afstöðu nú og Gyðingar höfðu á fyrri öldum. Þeir eru þjóð fornra menningarerfða miðsvæðis milli stórvelda austurs og vesturs. Þar skyldi því vel gætt helgidómsins, ekki sízt hins allra helgasta.

Við eigum ekki musteri á Zionshæð í eiginlegri merkingu, en við eigum kirkjur og kirkju sem eflt hefir æðstu verðmæti þjóðarinnar ávaxtað þau og vak að yfir þeim um aldaraðir. Helgidómarnir, kirkjurnar mættu aldrei gleymast þeim, er ætla að byggja upp gróandi þjóðlíf eða glæsilega mannfélagshöll. Þar er grunnurinn, bjargið, sem eitt er hæft að undirstöðu. „Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa."

Og hið allra helgasta eru ekki rúnir ritaðar á steintöflur, en þó heilög lögmál rituð á hjarta spjöld úr holdi. Lögmálsboð friðar- og mannkærleika frelsis og réttlætis eru geymd í helgustu innum hvers göfugs hjarta. Og þessar helgu rúnir eru magnaðar við töfra glæsilegrar sögu og gullvægra erfða. Drengskapur og hetjudáðir heildarinnar eru þar ofin af hönd Guðs, samt við gullið skrautletur kristilegs kærleika, sannleikshollustu og fegurðarástar.

ÞETTA GEYMUM við Íslendingar í hinu allra helgasta í helgidómi hvers hjarta og um þetta er hinn allra helgasti boðskapur í helgidómi hverrar kirkju og þetta á að leiða hvern einstakling að hinu allra helgasta í helgidómi tilverunnar, hamingjunnar og Guðs.

Verum því trú helgidómum íslenzku þjóðarinnar, veitum þeim hollustu, auðmýkt og lotningu, sem gefi Guði dýrðina í tilbeiðslu og tignum innstu helgidóma hjartans.

Árelíus Níelsson.

MÁL OG MENNING

Ritstj. dr. Halldór Halldórsson.

Erlendur Patursson ‚blaðstjóri' í Þórshöfn í Færeyjum skrifaði mér nýlega bréf, er varðar þennan þátt. Bréf Erlends, sem er dagsett í Þórshöfn 15. september, er á þessa leið:

Í blaði yðar 25. ágúst las ég í þættinum „Mál og menning" um sögnina **þverballa** og merking hennar. Nú er ég ekki málfræðingur, en að gamni og til fróðleiks íslenzkum lesendum vildi ég þó bæta þar nokkru við.

Í færeysku höfum vér ekki sögnina **að þverballa.** Aftur á móti höfum vér nafnorð af sama stofni. Vér köllum það **tvörball,** sem á íslenzku myndi heita **þverball,** ef til væri. **Þverball** er maður, sem er á móti öllu, — kverulant á erlendu máli. Orðið, sem er hvk.-orð, hefur aðeins þessa merkingu. Það verður notað í daglegu tali manna.

Ég þakka Erlendi kærlega fyrir bréfið og þætti vænt um að fá frá honum eða öðrum Færeyingum, sem þáttinn kunna að lesa, viðbætur og athugasemdir, því að færeyska og íslenzka eru svo náskyld mál, að oft er við rannsókn annars málsins nauðsynlegt að hafa hliðsjón af þróun hins.

ÉG FLETTI orðinu **tvörball,** sem Erlendur minnist á, upp í **Færoysk-dansk ordabók** eftir M. A. Jakobsen og Chr. Matras, og er þar frá því greint í tveimur merkingum, þ. e. „1) urimelig, forvirret Snak (LF), 2) Tværdriver, tvær, vrangvillig Person". Greinilega er það síðari merkingin, sem Erlendur minnist á. Fyrri merkingin, sem orðabókin getur um, kann að vera dauð í mæltu máli, enda er hún merkt LF, en með því er átt við orðabókarhandritið **Lexicon færoense,** sem er frá 19. öld, en styðst við ýmis eldri orðabókarhandrit.

Í tveimur öðrum bréfum, sem mér hafa borizt, hefir verið vikið að sögninni **að þverballa.** Torfi Guðlaugsson á Dalvík, sem er Þingeyingur, eins og lesendum þáttarins er kunnugt, segir svo í bréfi, dagsettu 26. ágúst:

> **Að þverballa** færi í drætti hef ég oft heyrt sömu merkingar og Baldur og Guðmundur tala um, en var ekki gert, ef ballarseiði eitt var á króknum.

ÞÁ SKRIFAR Þorsteinn Jónsson í Laufási í Vestmannaeyjum mér í bréfi, dagsettu 9. september, á þessa leið:

Undir þættinum „Mál og menning" í Tímanum frá 25.8. eru orðin **þverballa, draga und ir pus** og **hrifsa,** að því er virðist, höfð um sama verknaðinn á Vestur- og Norðurlandi, það er aðallega þá óvaningar drógu þungan drátt á handfæri. Ég byrjaði að róa hér í Eyjum á þeim tímum, þá færi voru eingöngu brúkuð, og heyrði og sá þá aðferð, sem lýst er í þættinum, heyrði, að það var bannað að draga fisk þannig, þótti ljótt dráttarlag, færið vildi flækjast, og fiskurinn varð missugjarnari, vegna þess, að skrykkjóttara var dregið, en það orð, sem eingöngu var brúkað hér og ég tel líklegt einnig fyrir Rangársöndum og Vestur-Skaftafellssýslu, — en fjöldi manna þaðan reri þá hér, — það var **að höggva á.** Þá kallaði formaðurinn, ef hann sá þetta: **„Þú mátt ekki höggva á, strákur."** Var þá oftast hálfdrættingurinn, sem fékk þessa áminningu. Hin orðin hefi ég ekki heyrt í þessu sambandi, en orðið **hrifsa** er algengt, þó ekki í þessu sambandi.

Ég þakka Þorsteini kærlega fyrir þessa skilmerkilegu greinargerð. Síðari hluti bréfs hans verður að bíða betri tíma.

Orðið **agði** er enn á dagskrá. Um merkinguna „sóði" hafði ég síðast aðeins heimildir úr Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. En nú er það komið í leitirnar í Skagafjarðarsýslu, meira að segja vestan vatna, og má þá ugglaust telja, að það sé kunnugt austan vatna líka. Pétur Jónsson frá Nautabúi hringdi til mín og sagði mér, að hann þekkti orðið **agði** í merkingunni „mikill sóði". Hann sagði, að orðið hefði þó ekki verið algengt á þessum slóðum. Hann þekkti einnig sögnina **að agðast** í sambandi eins og þessu: **Hann agðast áfram í forinni.** Var slíkt sagt um mikla sóða. Merking orðsins virðist því vera sterkari í Skagafirði en sýslunum þar fyrir austan.

Á SUÐURLANDI virðist orðið hafa allt aðra merkingu, og minntist ég áður lítillega á það. Í Lesbók Morgunblaðsins 16. september víkur Þórður Tómasson í Vallnatúni að orðinu m. a. á þessa leið:

> Orðið **agði** er lifandi í mæltu máli, ennfremur lýsingarorðið agðalegur og sagnorðið að agðast, venjulega í sambandinu að agðast áfram. Agði táknar lágvaxinn, skrefstuttan mann, agðalegur vitanlega þann, sem líkist agða, og að agðast áfram að ganga stuttum skrefum, fara sér hægt.
>
> Þá er vikið að þessu orði í bréfi frá Hjalta Jónssyni á Hólum í Hornafirði til Jóns A. Jónssonar cand. mag. Bréfið er dagsett á Hólum 13. september. Þar segir svo m. a.:
>
> Ég var að lesa núna í Tímanum kaflann Mál og menning eftir Halldór Halldórsson. Hann ræðir þar um orðið **agði** og óskar eftir að fá bréf frá sem flestum um það orð. Ég get lítið um það sagt, en kannast þó við það, einkum frá fyrri tíð, en sjaldan heyrist það nú orðið. Í ungdæmi mínu heyrði ég það aðeins haft um lítilfjörlegar skepnur karlkyns, helzt kálfa eða lambhrúta.
>
> Menn sögðu: **„Þetta er svo lítill bölvaður agði."** En **agðaskap** = sóðaskap kannast ég ekki við.

Síðan ræðir Hjalti um brag, sem hann hefir heyrt orðið í, en ég sleppi því.

ÞÁ HEFIR Einar Runólfsson í Háamúla skrifað Jóni A. Jónssyni athugasemd um eitt atriði, sem ég hafði eftir bréfi frá Magnúsi frá Reynisdal. Svo segir í bréfi Einars:

> H. H. birtir bréfkafla eftir Magnús frá Reynisdal. Þar segir: „Sofn var kallað ákveðið magn af melstöngum, sem skorið var á mellöndum í Skaftafellssýslu og notað til korngerðar." Þarna virðist mér Magnús fara „villur vegar", því þegar menn fóru til melskurðar, þá fengu þeir svo eða svo marga hestburði af mel. En um **sofn** var ekki talað, fyrr en farið var að kynda. Þá var t. d. talað um að kynda einn sofn, og það hefi ég álitið vera það magn af **korni,** sem meðhöndlað var í hvert skipti, sem kynt var, og misjafnt eftir ástæðum.
>
> Ég felli engan dóm í þessu máli, enda er ég með öllu ókunnugur melskurði. En geta má þess, að Blöndalsbók telur, að **sofn** tákni tiltekið magn af korni, en ekki af melstöngum. Hins vegar er upprunaleg merking orðsins **sofn** „ofn notaður við kornþurrkun", eins og ég rakti í fyrra þætti.

H. H.

Íslenzk fiskiðnaðardeild á stórri vörusýningu í Parma á Ítalíu

Eins og kunnugt er, var Vörusýninganefndinni boðið að senda íslenzku deildina á fiskiðnaðarsýningunni í Kaupmannahöfn til Ancona á Ítalíu. Var því boði tekið og fór sýningin fram dagana 14.—29. júlí s. l. Íslenzka deildin var skipulögð í meginatriðum eins og í Kaupmannahöfn. Sýningin vakti mikla athygli og má hiklaust fullyrða, að hún hafi reynzt góð land- og afurðakynning, enda var þess þörf, þar sem all mikillar fáfræði gætir á Ítalíu um Ísland og yfirleitt allt sem íslenzkt er, gildir það jafnt um íslenzkar afurðir sem annað.

Margar opinberar sendinefndir erlendar sóttu Anconasýninguna heim og þá jafnframt íslenzku deildina, og létu þær undantekningarlaust í ljós hrifni sína á fyrirkomulagi hennar.

Einnig komu á sýninguna fulltrúar allmargra annarra vörusýninga bæði ítalskra og erlendra, höfðu þeir allir mikinn áhuga á að fá íslenzka þátttöku í viðkomandi sýningum. Vörusýninganefnd in ákvað í samráði við iðnaðarmálaráðherra að taka boði stjórnar matvælasýningarinnar í Parma um þátttöku af Íslands hálfu í þeirri sýningu, með svipuðum hætti og í Ancona. Lágu helzt til þær orsakir, að Parma-sýningin er ein stærsta sýning sinnar tegundar í Evrópu og að íslenzka deildin er nær eingöngu með sjávarafurðir.

Parmasýningin hófst þann 20. sept. og lýkur þann 30. sept. Vakti íslenzka deildin þegar við opnun hennar mikla athygli og var lofsamlega getið í blöðum og útvarpi.

Vörusýninganefndin réð Ulf Sigurmundsson hagfræðinema til þess að sjá um íslenzku deildina í Parma. Skýrði hann svo frá í skeyti fyrir skömmu, að allt gengi samkvæmt áætlun, mikil áherzla hefði verið lögð á að auglýsa íslenzku deildina m. a. í sjónvarpi og þegar hefði fjöldi áhugasamra ítalskra innflytjenda leitað upplýsinga um íslenzkar sjávarafurðir.